

Sólrún Inga Traustadóttir

## Fornar rætur Árbæjar

Fornleifarannsókn

Áfangaskýrsla 2017



**Reykjavík 2018**

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 190



## Skýrslur Borgarsögusafn Reykjavíkur – Árbæjarsafns

Kort og teikningar eru gerð af höfundi þessarar skýrslu nema annað sé tekið fram. Ljósmyndir voru teknar af starfsfólki rannsóknarinnar 2017.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur, Sólrún Inga Traustadóttir.

Forsíðumynd: Vasklega unnið á góðviðrisdegi í júní. Á myndinni eru Sólrún Inga Traustadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Margrét Jóhannsdóttir og Ómar Valur Jónasson. Horft í suðurátt. Ljósmyndari: Margrét Björk Magnúsdóttir.

Borgarsögusafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn

Skýrsla nr. 190

Reykjavík 2018

Öll réttindi áskilin.

## Efnisyfirlit

<b>Myndaskrá</b> .....	<b>4</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>Fornar rætur Árbæjar – fornleifarannsókn 2017</b> .....	<b>7</b>
<b>Aðferðafræði</b> .....	<b>8</b>
<b>Vettvangsrannsóknin 2017</b> .....	<b>9</b>
Mannvirki 1 .....	10
Mannvirki 2 .....	11
Mannvirki 3 .....	12
Mannvirki 4 .....	12
Öskuhaugur .....	13
Byggingafasar - Umræða.....	14
<b>Gripir</b> .....	<b>15</b>
Málmur .....	16
Dýrabein.....	16
Leir .....	17
Gler og gjall.....	17
Steinn .....	17
Viður.....	18
<b>Árbæjarsafn 60 ára</b> .....	<b>19</b>
<b>Lokaorð</b> .....	<b>20</b>
<b>English Summary</b> .....	<b>22</b>
<b>Field research 2016</b> .....	<b>22</b>
Test trench 1 .....	23
Test trench 2 .....	23
Test trench 3 .....	23
Test trench 4 .....	23
Test trench 5 .....	24
<b>Field research 2017</b> .....	<b>24</b>
Structure 1 .....	25
Structure 2 .....	25
Structure 3 .....	25
Structure 4 .....	25
Midden – Area B.....	26
Artefacts 2017 .....	26
Phasing & Discussion.....	27
<b>Heimildir</b> .....	<b>29</b>
<b>Viðaukar Árbær 2017-17</b> .....	<b>30</b>
<b>Viðauki I Fundaskrá Árbær 2017</b> .....	<b>30</b>
<b>Viðauki II Einingaskrá Árbær 2017</b> .....	<b>56</b>
<b>Viðauki III Flæðirit Árbær 2017</b> .....	<b>65</b>
<b>Viðauki IV Kort Árbær 2017</b> .....	<b>66</b>
Mannvirki 1 .....	67
Mannvirki 2 .....	68
Mannvirki 3 .....	69
Mannvirki 4 .....	70
<b>Viðauki V Kort með ISN93 fastamerkjum á Árbæjarsafni</b> .....	<b>71</b>
<b>Viðauki VI Ljósmyndaskrá Árbær 2017 - 17</b> .....	<b>72</b>

## Myndaskrá

- Mynd 1. Yfirlitskort sem sýnir uppgraftarsvæði A, könnunarskurði frá árinu 2016 og staðsetningu borkjarna. Loftmynd og túnakort hafa verið lögð yfir. An overview map of the excavation area 2017 (red), test trenches made in 2016 (yellow) and core samples (blue). With aerial photograph and túnakort (map of the farm from 1916). ..... 7
- Mynd 2. Ómar Valur Jónasson mælir upp rústir útihúss í túni Árbæjar í Reykjavík. Myndin er tekin í norðaustur. Ómar Valur Jónasson using the total station to map the outhouse ruins in the homefield of Árbær in Reykjavík. .... 9
- Mynd 3. Leifar af mannvirki 1. Horft í austurátt. Remains of structure 1, facing east. .... 10
- Mynd 4. Leifar mannvirkis 2. Vestursnið af torfvegg [3360]. Remains of structure 2. Profile facing west of turfwall [3360]. ..... 11
- Mynd 5. Torfveggur [3775] í mannvirki 3, staðsett við austusnið. Horft í austurátt. Turfwall [3775] belonging to structure 3, situated at the end of the excavation area. Facing east. .... 12
- Mynd 6. Öskuhaugur Árbæjar. Það sést í smiðjuna vinstra megin á mynd. Horft til suðvesturs. Top surface of the midden with the smithy on the left. Looking southwest. .... 13
- Mynd 7. Gjóska úr Kötlugosi frá árinu 1500 in situ í borkjarna [2522], á 186-191 cm dýpi frá grasrót. Black tephra in situ from the volcano Katla, dated to 1500 AD. Core sample no. 2522, from midden. .... 13
- Mynd 8. Gripir flokkaðir eftir efni. Mest er af málmni en þar undir fellur töluvert af koparblönduðum þynnum en einnig mikið af járngrípum, aðallega nöglum. Dýrabeinin eru hér skráð eftir fjölda, alls 53 talsins en þau skiptast niður á 9 fundanúmer. For english version – see chapter “Artefacts 2017” in this report. .... 15
- Mynd 9. Gripir úr járni; beislismél (2017-17-9); lykill (2017-17-12); hnífur (2017-17-10). Iron objects; horse bridle (2017-17-9); key (2017-17-12); knife (2017-17-10). .... 16
- Mynd 10. Húsdýrabein (2017-17-117) með skurðarförum. Animal bone with cut marks (2017-14-117). .... 16
- Mynd 11. Súluritið sýnir skiptingu leirtegunda sem fundust við uppgröft 2017. The chart shows classification of clay types found in the 2017 excavation. .... 17
- Mynd 12. Fylling [3322] í lagnaskurði [202]. Horft í norður. Fill [3322] in waterpipe cut [202]. Facing north. .... 18
- Mynd 13. Safngestir spjalla við Sólrúnu Ingu Traustadóttur, stjórnanda rannsóknarinnar. Museumguests have a talk with the research director. .... 19

- Mynd 14. Börn sigta mold í leit að gripum á 60 ára afmælishátíð Árbæjarsafns. *Children looking for artifacts by sieving soil from the excavation during the Birthday Celebration of Árbær Open Air Museum.* ..... 20
- Mynd 15. Fornleifafræðinemarnir Ómar Valur Jónasson og Margrét Jóhannsdóttir að setja upp alstöðina. *Archaeology students Ómar Valur Jónasson & Margrét Jóhannsdóttir setting up the total station.*..... 21
- Mynd 16. Loftmynd frá 1954 af Árbæ. Skurður 4 er efst á mynd og má sjá hvar hann virðist lenda á aflangri byggingu með stefnuna austur-vestur. Í skurðinum kom einmitt í ljós veggur með sömu stefnu sem innihélt gjósku frá 1226. *Aerial photograph of Árbær, taken in 1954. Test trench 4 is at the top of the picture, right where there seems to be an oval shaped building with the direction east-west. A turfwall was discovered in trench 4 with the same direction as this building seen on the aerial photo. It consisted of tephra dated to 1226 AD.* ..... 24
- Mynd 17. Skipting efnisflokka. *The chart shows the division of materials retrieved in the 2017 excavation. The animal bone assemblage consists of 53 fragments which are divided to 9 find numbers in the registry.*..... 26
- Mynd 18. Uppgriftarsvæðið þegar það var opnað og hreinsað (efri mynd) og við lok uppgriftar sumarið 2017 (neðri mynd). *The site in 2017 at the start of excavation (upper) & at the end of excavation (lower).* ..... 28

## Inngangur

Fornleifarannsókn fór fram á bæjarstæði Árbæjar í Reykjavík dagana 12. júní - 30. júní 2017. Rannsóknin *Fornar rætur Árbæjar* er á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur og stjórnandi rannsóknar er Sólrún Inga Traustadóttir. Aðilar er tóku þátt í vettvangsrannsókn og eiga góðar þakkir skilið eru: Anna Lísa Guðmundsdóttir, verkefnastjóri fornleifa á Borgarsögusafni, Margrét Björk Magnúsdóttir fornleifafræðingur, Margrét Jóhannsdóttir og Ómar Valur Jónasson nemandi í fornleifafræði við Háskóla Íslands og Jón Sigurgeirsson gröfumaður. Námsbraut í fornleifafræði við Háskóla Íslands styrkti rannsóknina með láni á alstöð og tölvu. Verkefnið hlaut einnig góðan styrk frá Fornminjasjóði.

Rannsóknin fékk úthlutað rannsóknarnúmerinu 201606-0078 frá Minjastofnun Íslands og safnnúmerinu 2017-17 frá Þjóðminjasafni Íslands.

Fornleifarannsóknin *Fornar rætur Árbæjar* hófst árið 2016 á því að gerðir voru fimm könnunarskurðir á bæjarstæði Árbæjar á Árbæjarsafni við Kistuhyl 4, 110 Reykjavík. Í öllum skurðum var komið niður á fornleifar, mannvirki frá mismunandi tímabilum, allt frá því fyrir árið 1226, sem sýna fram á að byggð í Árbæ á sér mun dýpri rætur en ritaðar heimildir benda til. Jafnvel frá víkingaöld. Markmið fornleifarannsóknarinnar er að rannsaka búsetusögu og þróun bæjarins, sem og að miðla rannsóknum og niðurstöðum þeirra til safngesta. Áætlað er að verkefnið standi yfir í nokkur ár og uppgröftur fari fram á ári hverju í samstarfi við námsbraut í fornleifafræði Háskóla Íslands, a.m.k. til ársins 2020 ef ekki lengur.

Þrif og þökkun gripa fór fram samhliða rannsókninni en frágangur á gripum og skráning þeirra í Sarp fór fram vikuna 3. - 7. júní. Sigríður Þorgeirsdóttir forvörður Þjóðminjasafns Íslands kom á vettvang og fór yfir helstu þætti varðandi þökkun og geymslu á gripum. Hún skoðaði einnig forngripageymslur safnsins. Frekari úrvinnsla, korta- og skýrslugerð fór að mestu fram í desember 2017- febrúar 2018. Í þessari skýrslu verður farið yfir helstu niðurstöður vettvangsrannsókna sem fóru fram sumarið 2017 á bæjarstæði Árbæjar í Reykjavík. Sögulega úttekt á bænum má finna í eldri skýrslum Borgarsögusafns, t.d. Nr. 172 og 179.

## Fornar rætur Árbæjar – fornleifarannsókn 2017

Vettvangsvinna hófst á því að teknir voru borkjarnar á bæjarstæði Árbæjar, annars vegar við könnunarskurð 2 (2016), austan við bæjarhúsin. Hins vegar, í öskuhaug bæjarins sem er staðsettur vestur af bæjarhúsunum, við smiðjuna (sjá kort á mynd 1). Uppgriftarsvæði (A) var opnað með gröfu og handaflí þann 12. júní 2017 og stóð uppgröftur yfir í þrjár vikur, eða til 30. júní.

### Árbær 2017 Uppgriftarsvæði og borkjarnasýni



Mynd 1. Yfirlitskort sem sýnir uppgriftarsvæði A, könnunarskurði frá árinu 2016 og staðsetningu borkjarna. Loftmynd og túnakort hafa verið lögð yfir.<sup>1</sup> An overview map of the excavation area 2017 (red), test trenches made in 2016 (yellow) and core samples (blue). With aerial photograph and túnakort (map of the farm from 1916).

<sup>1</sup> LUKR: Loftmynd 2017, Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort Árbær 1916.



## Aðferðafræði

Í uppgreftinum var notuð einingaaðferð (*e. single-context*) sem felur í sér að hvert mannvistarlag er skráð sem stök eining, hvort sem um er að ræða jarðlag, byggingarhluta, holu o.s.frv. Hverri einingu er lýst sérstaklega á skráningarblaði, mælt upp með alstöð (og/eða teiknuð skv. hnitakerfi ISN93) og ljósmynduð. Alstöð var fengin að láni hjá Háskóla Íslands, ásamt tölvu. Mælingum með alstöð var hlaðið niður á hverjum degi í gagnagrunninn Intrasis<sup>2</sup>, sem heldur utan um öll uppgraftargögn. Auk uppgraftarins voru allar sýnilegar og/eða uppistandandi fornleifar á bæjarstæði Árbæjar (túngarður og útihús) mældar inn með alstöð. Fastamerki voru sett upp á Árbæjarsafni árið 2016 og voru þau notuð áfram til að staðsetja fornleifarnar í ISN93<sup>3</sup>. Borkjarnasýni voru tekin til að ákvarða útmörk uppgraftarsvæðis, ásamt því að borkjarnasýni voru tekin í öskuhauginn sem er staðsettur vestur af núverandi bæjarhúsum Árbæjar. Öll borkjarnasýni voru ljósmynduð og nokkur teiknuð upp. Haldnar voru skrár yfir ljósmyndir, gripir og sýni sem voru settar á stafrænt form að vettvangsrannsókn lokinni. Gripir voru hreinsaðir og pakkaðir samkvæmt leiðbeiningum Þjóðminjasafns Íslands um umhirðu forngripa og frágang.<sup>4</sup> Gripir hafa verið skráðir í Sarp, Menningarsögulegt gagnasafn.<sup>5</sup> Öll fornleifafræðileg gögn verða varðveitt tímabundið á Árbæjarsafni og er safnið með samkomulag við Þjóðminjasafn Íslands varðandi skil á gripum. Forrit sem notuð voru við úrvinnslu ganga eru Intrasis, Filemaker Pro, ArcMap 10.3, Harris Matrix Composer, Adobe Illustrator, Adobe Photoshop, Microsoft Excel og Word.

Uppgraftarsvæðið var opið yfir sumaropnunartíma Árbæjarsafns á meðan leiðsagnir fóru fram á degi hverjum. Svæðinu var lokað vandlega með plastdúkum og tyrft yfir með torfpökum í lok október 2017.

---

<sup>2</sup> [www.intrasis.com](http://www.intrasis.com)

<sup>3</sup> Sjá kort með staðsetningu fastamerkja í Viðauka 5 í þessari skýrslu.

<sup>4</sup> [http://www.thjodminjasafn.is/media/rannsoknir/Leidbeiningar-um-umhirdu-forngripa-og-fragang-syna\(1\).pdf](http://www.thjodminjasafn.is/media/rannsoknir/Leidbeiningar-um-umhirdu-forngripa-og-fragang-syna(1).pdf)

<sup>5</sup> [sarpur.is](http://sarpur.is)



*Mynd 2. Ómar Valur Jónasson mælir upp rústir útihúss í túni Árbæjar í Reykjavík. Myndin er tekin í norðaustur. Ómar Valur Jónasson using the total station to map the outhouse ruins in the homefield of Árbær in Reykjavík.*

## **Vettvangsrannsóknin 2017**

Opinn uppgröftur fór fram austan við núverandi bæjarhús Árbæjar, á svæðinu þar sem könnunarskurður 2 var tekinn sumarið 2016. Skurðurinn var tekinn í hól þar sem áður hafði verið vatnsdæla á miðri 20. öld en svæðið umhverfis hann hafði verið sléttað. Til þess að ákvarða staðsetningu svæðisins til norðurs og austurs voru teknir borkjarnar út frá mannvistarlögum í skurði 2. Töluverð meiri mannvist var að finna í borkjörnum norðaustur af skurði 2 og út frá þeim niðurstöðum var ákveðið að opna svæði í þá átt að stærð 6 x 8 m (sjá kort á mynd 1).

Grafin voru upp mannvistarlög frá fyrri hluta 20. aldar - 16. aldar. Svæðið sem um ræðir er raskað af seinni tíma framkvæmdum á bæjarstæðinu. Í ljós komu leifar af fjórum mannvirkjum en tvö þeirra höfðu komið í ljós við uppgröft sumarið 2016.

## Mannvirki 1



Mynd 3. Leifar af mannvirki 1. Horft í austurátt. *Remains of structure 1, facing east.*

Mannvirki 1 samanstendur af grjót- og torfhlöðnum veggjum, staðsett ofarlega undir grasrót. Mannvirkið kom í ljós við fornleifarannsókn 2016 og fékk steinhleðslan þá númerið [206]. Byggingin er mikið röskuð af skurði vegna vatnsdælu og lögnum sem henni tilheyrðu og var þarna í notkun um miðja 20. öld. Skurðurinn hafði raskað allri byggingunni að innanverðu og einungis hluti af torfveggjum byggingarinnar hafa varðveist. Í torfinu var mikið af K-1500 gjóskunni en einnig mátti sjá Miðaldalagið (frá 1226) í því. Byggingin liggur í norðvestur-suðaustur, eins og núverandi bæjarhús Árbæjar. Byggingin er sennilegast ekki eldri en frá 19. öld.

## Mannvirki 2



*Mynd 4. Leifar mannvirkis 2. Vestursnið af torfvegg [3360]. Remains of structure 2. Profile facing west of turfwall [3360].*

Mannvirki 2 samanstendur af um 45 cm þykkum grjót- og torfvegg, ofarlega undir grasrót en undir mannvirki 1. Veggurinn sem kom í ljós var aðeins um 1 x 1.2 m og mikið raskaður vegna vatnsdæluskurðsins og mátti sjá leifar af honum í fyllingunum sem voru í skurðinum. Torfið í veggnum er afar ólíkt torfinu í mannvirki 1 sem hefur verið byggt ofan í mannvirki 2. Torfið virðist ekki innihalda K-1500 en í því er að finna linsur af landnámslaginu frá um 870 og mögulega einnig miðaldalaginu frá 1226. Veggurinn var skilinn eftir ógrafinn en hann virðist halda áfram til suðurs en sést hvorki í sniði né á yfirborði norðanmegin.

### Mannvirki 3



Mynd 5. Torfveggur [3775] í mannvirki 3, staðsett við austursnið. Horft í austurátt. Turfwall [3775] belonging to structure 3, situated at the end of the excavation area. Facing east.

Mannvirki 3 er mögulega bygging fyrir miðju uppgraftarsvæði, alveg upp við austursnið. Um er að ræða gulan torfvegg sem inniheldur mikið af K-1500 gjóskunni. Veggurinn liggur beint ofan á K-1500 *in situ*. Má því ætla að um sé að ræða útihús sem var byggt snemma á 16. öld. Torfveggurinn heldur áfram í sniðinu til austurs og má því ætla að byggingin sé þar fyrir utan núverandi uppgraftarsvæði. Lítil könnunarhola var gerð um 1.5 m austur af austursniðinu en í henni var ekkert sem benti til þess að um væri að ræða íveruhús manna. Út frá eiginleikum og útliti jarðlaga í sniðinu á könnunarholunni bendir það frekar til þess að mannvirkið hafi tengst dýrahaldi. Annað sem var áhugavert í könnunarholunni var þykkt móöskulag sem ekki var að finna á uppgraftarsvæðinu sjálfu.

### Mannvirki 4

Mannvirki 4 er hleðslur [216] sem sást neðst í könnunarskurði 2 árið 2016, og komu enn betur í ljós þegar svæðið var stækkað sumarið 2017. Þessar hleðslur virðast liggja undir gjóskulagi frá árinu 1226<sup>6</sup> en ennþá er töluvert af yngri mannvistarlögum ofan á hleðslunum sem á eftir að rannsaka áður en komið verður niður á þær.

---


<sup>6</sup> Magnús Á. Sigurgeirsson. 2016, 59.

## Öskuhaugur



**Mynd 6. Öskuhaugur Árbæjar. Það sést í smiðjuna vinstra megin á mynd. Horft til suðvesturs. Top surface of the midden with the smithy on the left. Looking southwest.**

Öskuhaugur er vestan við núverandi bæjarhús Árbæjar. Teknir voru borkjarnar skipulega í hann með því markmiði að kanna umfang hans og aldur. Í ljós kom að haugurinn er um 17 m á lengd frá norðri til suðurs og 10 m frá austri til vesturs. Ofan í hann hefur verið byggð smiðja á sjöunda áratug tuttugustu aldar sem nú er hluti af safnhúsum Árbæjarsafns. Alls voru teknir 11 borkjarnar í hauginn og í þeim mátti sjá móösku, ösku, viðarkol og dýrabein, bæði brennd og óbrennd. Einnig voru sjáanlegar torfslitrur í nokkrum sýnum. Öskuhaugurinn liggur ofan á gjóskulagi frá Kötlu, frá árinu 1500 til norðurs og suðurs. Má því ætla að haugurinn hafi verið í notkun frá því fljótlega eftir árið 1500 til 20. aldar þegar bærinn var yfirgefinn. Hann er um 170 cm þar sem hann er þykkastur (borkjarnasýni [2523]) en er þynnist til norðurs, suðurs og vesturs. Áætlað er að grafa hauginn að hluta árið 2018. Yfirborð öskuhaugsins hefur tekið



**Mynd 7. Gjóska úr Kötlugosi frá árinu 1500 in situ í borkjarna [2522], á 186-191 cm dýpi frá grasrót. Black tephra in situ from the volcano Katla, dated to 1500 AD. Core sample no. 2522, from midden.**

breytingum í gegnum árin og má sjá á ljósmynd frá árinu 1950 að hann er tvískiptur, eða þar voru tveir hólar í stað eins líkt og er í dag.

### Byggingafasar - Umræða

Mannvirki sem komu í ljós sumarið 2017 á uppgraftarsvæði A er ekki að finna á túnakorti bæjarins frá árinu 1916.<sup>7</sup> Ef skipta á þessum mannvirkjunum upp í fasa þá má segja að um sé að ræða a.m.k fimm byggingarfasa og inni í þeirri skiptingu eru ekki talin með yngri húsin og mannvirkin á bæjarstæðinu, eins og t.d. grjóttgarður **[204]** og hlöðurústin **[105]**. Fasaskiptingin stjórnast af gjóskulögum og staðsetningu mannvirkjanna með tilliti til hvers annars út frá jarðlagaskipan. Þar er mannvirki 1 yngst og tilheyrir þá fasa 1. Það var staðsett á hæsta fleti uppgraftarsvæðisins og samanstóð af innri steinaröð **[206]** og torfi **[2712]** með Kötlu 1500. Undir því lá mannvirki 2, í suðvesturhorni svæðisins og samanstendur af þykku torfi með 1226 gjósku og ytri steinaröð **[3360]**. Mannvirkið er mikið raskað en gengur mögulega áfram til suðurs undir prófíl. Fasa þrjú tilheyrir þá mannvirki 3 sem samanstendur af gulu og brúnu torfi **[3775]** með Kötlu 1500 og staðsett er upp við austurprófíl á uppgraftarsvæði.

Fasa 4 tilheyrir grjóthleðsla **[216]** í mannvirki 4 sem sést í botni vatnsveituskurðar **[202]** sem ekki hefur verið grafið fram ennþá. Annað mannvirki sem ekki hefur verið grafið fram er torfveggur **[217]** sem sést í norðursniði skurðsins og var aldursgreindur til 10.-11.aldar<sup>8</sup> en ekki er hægt að segja á þessu stigi málsins hvort þessi tvö mannvirki séu samtíða, aðeins að þau liggja bæði undir 1226 gjóskunni.


Búast má við að enn fleiri fasar eigi eftir að koma í ljós á næstu misserum. En áætlað er að halda áfram að grafa á svæði A sumarið 2018.

---

<sup>7</sup> Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort Árbær 1916.

<sup>8</sup> Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísu Guðmundsdóttir. 2017.

## Gripir



**Mynd 8. Gripir flokkaðir eftir efni.** Mest er af málmni en þar undir fellur töluvert af koparblönduðum þynnum en einnig mikið af járngrípum, aðallega nöglum. Dýrabeinin eru hér skráð eftir fjölda, alls 53 talsins en þau skiptast niður á 9 fundanúmer. *For english version – see chapter “Artefacts 2017” in this report.*

Helstu gripir sem fundust við vettvangsrannsóknina 2017 eru járnnaclar ýmiskonar, hnífsbrot, dýrabein, hvítleir, pottabrot úr rauðleir, gler, koparhnappur með skreyti, koparþynnur, tinnubrot, beislismél, lítil löm og prjónn úr málmni. Alls voru varðveittir 122 fundir sem skráðir hafa verið í Sarp. Gripir úr yfirborðslagi og fyllingu eftir vatnslagnir voru grisjaðir á staðnum. Um var að ræða múrsteinsbrot, verksmiðjuframleidda járnnacla ýmiskonar, illa farnar viðarleifar, nýlegt flöskugler og hvítleir með hvítum glerungi, án nokkurra sérkenna. Flestir gripanna voru ljósmyndaðir og hafðir til sýnis fyrir gesti safnsins yfir sumaropnunartíma Árbæjarsafns. Efnisflokkarnir eru átta talsins og verður farið lauslega yfir hvern flokk í þessum kafla en skiptingu þeirra má sjá á töflunni hér fyrir neðan.



## Málmur



Mynd 9. Gripir úr járni; beislismél (2017-17-9); lykill (2017-17-12); hnífur (2017-17-10). *Iron objects; horse bridle (2017-17-9); key (2017-17-12); knife (2017-17-10).*

Gripir úr málmni eru hlutfallslega hæsti efnisflokkurinn eða 38% af heildinni, skráður undir 66 fundanúmer. Þar er járn í miklum meirihluta og aðeins sjö fundir sem eru úr öðrum málmni, aðallega koparblöndu. Ýmsar gerðir af járnöglum sem eru fjölmennasta heitið, eða alls 47. Helstu járngríp sem hægt er að greina eru: lykill, hnífur og mál. Nokkrir fíngerðir gripir úr málmni fundust; pinni (2017-17-8), lítil löm (2017-17-3), þunn plata með götum (2017-17-6) og bronshnappur með blómaskrauti (2017-17-4).

## Dýrabein

Dýrabein frá uppgreftinum 2017 eru skráð á níu fundarnúmer og fundust flest í ruslalagi [3131], en einnig í torfvegg [2712] á mannvirki 1. Á nokkrum beinanna má sjá skurðarför og búið er að bora í gegnum eitt þeirra, sennilegast til að hreinsa út merginn, eins og þekkt er.


Ekki hefur farið fram greining á beinunum en stefnt er á að það verði gert síðar. Það er þó greinilegt að um er að ræða húsdýrabein og nokkur þeirra af stærri gerðinni, t.d. 2017-17-117.



Mynd 10. Húsdýrabein (2017-17-117) með skurðarförum. *Animal bone with cut marks (2017-14-117).*

### Leir

Alls voru skráð 21 fundanúmer undir efnisflokkinn *leir*, þar er mest um hvítleir og múrsteinsbrot. Athyglisverðustu gripirnir eru postulínshaus af lítilli stytta (2017-17-122) sem fannst í yfirborðslagi og leirkersbrot úr rauðleir, af potti sennilegast (2017-17-72) sem fannst í torfvegg [2712] á mannvirki 1.



Mynd 11. Súluritið sýnir skiptingu leirtegunda sem fundust við uppgröft 2017. The chart shows classification of clay types found in the 2017 excavation.

### Gler og gjall

Alls eru níu fundarnúmer skráð undir gler, þar af eru átta flöskubrot mismunandi að lit; brún, græn og glær. Ein hvít tala (2017-17-88) fannst í jarðlagi [3024] undir mannvirki 1. Gjall er skráð undir þrjú fundarnúmer sem innihalda sjö gjallmola.

### Steinn

Alls voru skráð átta fundarnúmer fyrir steintegundir, þar eru a.m.k. tvær ljósgráar flintur (2017-17-101 og 102) en þær fundust báðar í yfirborðslagi.

### Viður

Viður er skráður undir tvö fundarnúmer og 2017-17-1 inniheldur fimm mismunandi viðarbúta sem fundust í fyllingu [3322] í lagnaskurði [202]. Sennilega eru þetta leifar af girðingum eða byggingarefni yngstu húsanna á svæðinu en það eru ennþá leifar af hvítri málningu á einum bótanna. Svo virðist sem ýmsu efni, gömlu og nýju, hafi verið hent í fyllinguna þegar fyllt var upp í lagnaskurðinn.



Mynd 12. Fylling [3322] í lagnaskurði [202]. Horft í norður. *Fill [3322] in waterpipe cut [202]. Facing north.*

## Árbæjarsafn 60 ára

Eitt af markmiðum verkefnisins *Fornar rætur Árbæjar* er að miðla fornleifarannsóknnum og starfi fornleifafræðinga til gesta Árbæjarsafns en árlega koma um 40.000 gestir á safnið<sup>9</sup>. Miðlunarmöguleikar eru margvíslegir og í ár (líkt og árið 2016) var sett upp upplýsingaskilti fyrir framan uppgraftarsvæðið um fornleifarnar í Árbæ. Á opnunartíma safnsins var þar líka box með gripum úr yfirborðslögum sem gestir gátu skoðað.



**Mynd 13.** Safngestir spjalla við Sólrúnu Ingu Traustadóttur, stjórnanda rannsóknarinnar. *Museumguests have a talk with the research director.*

Viðbrögð safngesta voru mjög jákvæð og öllum fannst fornleifarannsóknin afar spennandi og hlökkudu til að geta fylgst með framvindunni, bæði inni á safninu en einnig á samfélagsmiðlum<sup>10</sup>. Þeir allra forvitnustu komu að spjalla við fornleifafræðinga sem voru að störfum við uppgröftinn. Auk þessa geta gestir fengið leiðsögn hjá leiðsögumönnum safnsins sem segja daglega frá fornleifunum og fornleifarannsókninni, þá bæði íslenskum sem erlendum gestum.

Árbæjarsafn fagnaði 60 ára afmæli á árinu og var í tilefni þess haldin afmælishátíð dagana 11. - 13. ágúst. *Fornar rætur* verkefnið átti sinn þátt í hátíðinni og var ungum gestum boðið upp á að sigta mold í leit að gripum. Gripunum var síðan

<sup>9</sup> Anna Lísu Guðmundsdóttir (munnleg heimild, 23. september 2017).

<sup>10</sup> Verkefnið er með myllumerkið (hashtag-ið) #fornarrætur á Intstagram.

Þakkað í poka og þeir merktir vandlega með stað, dagsetningu og upphafsstöfum finnanda.

Gripirnir sem notaðir voru fyrir viðburðinn voru tilbúnir munir (s.s. postulínsbollar og leirkerdiskar) frá síðari hluta 20. aldar, ásamt nokkrum yngri gripum úr yfirborðslögum og röskuðum jarðlögum frá fornleifarannsókninni. Viðburðurinn heppnaðist vonum frammar og tóku um 300 börn þátt. Einnig var sérstök fornleifaleiðsögn fyrir eldri kynslóðina.



Mynd 14. Börn sigta mold í leit að gripum á 60 ára afmælishátíð Árbæjarsafns. *Children looking for artifacts by sieving soil from the excavation during the Birthday Celebration of Árbær Open Air Museum.*

## Lokaorð

Vettvangsvinna og skipulag í kringum rannsóknina gekk afar vel. Eitt af markmiðum fornleifarannsóknarinnar er, eins og áður segir, að rannsaka upphaf búsetu í Árbæ og þróun bæjarins, sem og miðla rannsóknum og niðurstöðum þeirra til safngesta. Áætlað er að rannsóknir standi yfir í einhver ár, a.m.k. til ársins 2020 en engin asi er á verkefninu og mun það taka eins langan tíma og þörf krefur þangað til rannsóknarspurningum hefur verið svarað. Mikið er af fornleifum á bæjarstæðinu, eins og þekktist á gömlum bæjarstæðum á Íslandi. Ekki er ætlunin að grafa það allt að fullu, heldur velja svæði út frá niðurstöðum borkjarnasýna og jarðsjármælinga með tilliti til staðsetningu þeirra minja sem

hafa nú þegar komið í ljós, í könnunarskurðum 1-5 og á uppgriftarsvæði A sem opnað var sumarið 2017.

Uppgriftarsumarið 2017 voru grafin fram að hluta eða í heild alls þrjú mannvirki frá mismunandi tímum og það fjórða mun koma betur í ljós á næstu árum. Öskuhaugurinn var aldursgreindur út frá gjóskulögum í borkjörnum frá því eftir árið 1500 fram á miðja 20. öld þegar bærinn var yfirgefinn. Nú þegar hafa komið í ljós leifar af mannvirkjum sem ekki eru þekkt í rituðum heimildum eða kortum og verður haldið áfram að grafa á því svæði (svæði A) á komandi sumrum.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Árbæjarsafns sem tók þátt á einhvern hátt í verkefninu en einnig Ómar Valur Jónasson og Margrét Jóhannsdóttir nemendur í fornleifafræði við Háskóla Íslands sem unnu við uppgröft og frágang á gripum í 4 vikur hvort. Þau fengu vettvangsreynsluna metna til eininga í námi sínu.



*Mynd 15. Fornleifafræðinemarnir Ómar Valur Jónasson og Margrét Jóhannsdóttir að setja upp alstöðina. Archaeology students Ómar Valur Jónasson & Margrét Jóhannsdóttir setting up the total station.*

## English Summary

*Fornar rætur Árbæjar* or *Ancient roots of Árbær* is an archaeological research project that started in 2016. The idea for the project was prompted by maintenance works that ensued a year earlier around the existing farmhouse of Árbær. Archaeologist, Margrét Björk Magnúsdóttir and Anna Lía Guðmundsdóttir, Archaeology project manager at The City Museum monitored the procedure and recorded all archaeological remains that came to light during the excavation.<sup>11</sup>

The project aims to investigate the origins of the farm Árbær and its development from the beginning of occupation, until its abandonment in 1948. Since there are no written sources that recount the settlement of Árbær (the earliest known account is from 1464<sup>12</sup>), and it is not mentioned in the Book of Settlements (*Landnáma*), the focus will be set on the period which is less known, from the settlement of the farm until the 16th century.

The fact that Árbær is located within the *Árbær Open Air Museum* in Reykjavík, under the aegis of *The Reykjavík City Museum*, the public has easy access to the excavation site and archaeologists working on site. To that effect, the project also aims to create a dialog with the museum guests directly on site and through social media.

### Field research 2016

During the field research in the summer of 2016 five test trenches were made within the infield boundary of Árbær. The main goal was to locate possible archaeological remains in connection with the farm by exploring the earthworks within the home field. Archaeological remains were discovered in all the trenches but only top layers and/or disturbed layers were removed. For location of the trenches see image 1 in this report. The preliminary results were as follows:

---

<sup>11</sup> See Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lía Guðmundsdóttir. 2015. *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Skýrsla nr. 172. Reykjavík. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

<sup>12</sup> See *Íslenskt fornbréfasafn V. Diplomatarium Islandicum*. Hið íslenska bókmentafélag. Kaupmannahöfn og Reykjavík. 1899-1902, bls. 430-431.

### Test trench 1

Heavy stone foundation of a barn, [204], was discovered a few meters east of Árbær. Written sources recount that the barn was swept away by strong winds in 1949. This barn can be seen on a photo from 1920<sup>13</sup>. Artefacts retrieved were pottery (white-ware), glass, iron & whetstone fragment.

### Test trench 2

The cultural deposits were disturbed in the east end of the trench by a modern plumbing system. Most of the modern fills were removed. They consisted almost entirely of turf and contained a number of modern artefacts such as plastic, glass, wool, brick, glass & two coins dated from 1969. At least four structures from various time periods could be seen in the trench. The latest structure is visible from the surface and is a 20<sup>th</sup> century stone wall, [204]. Another stone structure, [206], was clearly truncated by a modern cut situated at the east end of the trench at a lower level than [204]. Two other walls date to an earlier period – situated below the 1226 tephra in situ; a stonewall, [216], was visible at the bottom of the trench. In the north facing profile the wall consisted of four stones that made a corner. The lower and older wall, [217], (only visible in the north profile of the trench) contains the Settlement tephra from 870 AD and is approximately 15 cm thick, made of turf.

### Test trench 3

The location of the kitchen midden was confirmed where trench 3 was made, west of the existing farmhouse. The top surface was cleaned and recorded. It consisted of peat-ash, ash and charcoal. A 20<sup>th</sup> century smithy has been built into the midden at its south end so it's most likely disturbed to some extent. A kitchen knife with a wooden and copper handle was retrieved during surface cleaning. Other artefacts were copper plates of unknown origin, glass and animal bones – some burnt.

### Test trench 4


One structure was discovered in the trench; a turfwall, [403] with the Medieval-tephra from the volcanic eruption in Reykjanes peninsula in 1226 AD, and a floor deposit, [404]. Floor samples were taken for further analysis to determine the purpose of this building, which is probably an outhouse of some sort, for animal

---

<sup>13</sup> Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísía Guðmundsdóttir 2017, bls. 11.



keeping. This building could be the structure seen on a black & white aerial photo from 1954.



Mynd 16. Loftmynd frá 1954 af Árbæ. Skurður 4 er efst á mynd og má sjá hvar hann virðist lenda á aflangri byggingu með stefnu austur-vestur. Í skurðinum kom einmitt í ljós veggur með sömu stefnu sem innihélt gjósku frá 1226. Aerial photograph of Árbær, taken in 1954. Test trench 4 is at the top of the picture, right where there seems to be an oval shaped building with the direction east-west. A turfwall was discovered in trench 4 with the same direction as this building seen on the aerial photo. It consisted of tephra dated to 1226 AD.

### Test trench 5

One structure was discovered in the trench: a turfwall, [502], with patches of black fine tephra from the volcanic eruption of Katla in 1500 AD (K-1500). The wall can easily be seen on the surface and has been interpreted as an enclosure for animals. Small amounts of peat-ash and charcoal were recorded at a lower strata and at the lowest point of the trench (south end) is K-1500 in situ, [505].

## Field research 2017

During three weeks in June 2017 an open excavation took place east of the farm Árbær, where test trench 2 was dug in the year 2016 (see mynd 1). An area of 6 x 8 meters was opened: *Area A*. Coring was carried out in the midden, *area B*.

Excavation in area A revealed cultural deposits from the 16<sup>th</sup> century to early 20<sup>th</sup> century. Few structures were discovered, some already known from previous excavations.

### Structure 1

Stone structure [206] was completely exposed but only fracture of the structure was intact. It was heavily truncated by water pipes installed in the 1960's. The whole interior of the structure had been removed and only part of the walls remained. Consequently it is hard to determine the role of the building, other than it is a small square shaped outhouse. The turf [2712] in the wall was very colorful and consisted of two different types of tephra; K-1500 and 1226. The structure was recorded, photographed and removed.

### Structure 2

A fraction of a turf & stonewall, [3360] also truncated by the 1960's water pipes, was situated under structure 1 in the southwest corner of area A. The wall consisted of an outer row of stones and a dark brown turf material containing 1226 tephra. The structure was recorded & photographed but remains unexcavated.

### Structure 3

A possible structure is situated against the east profile of the site. It is made of a yellow and brown turf [3775] material containing patches of K-1500. The wall does not have any stone foundation like the other structures on site, and it seems that the area has been levelled at some point in time. The wall lies directly on top of K-1500 in situ. A small test pit was dug just east of the actual site in order to distinguish the type of a building. The absence of domestic floor layers has led us to interpret the structure as a possible outhouse or a boundary wall that was built soon after the volcanic eruption of Katla in 1500 AD. The wall was recorded and photographed but remains unexcavated.

### Structure 4


Stone structure [216] is situated at the bottom of the water pipe cut [202] and was identified in test trench 2 during the 2016 excavation. The stone structure was further uncovered when the modern fill of [202] was removed in 2017. Up against the stones on the south side is a black charcoal layer with slag refuse. This could be related to the structure but this is still quite unclear at this point. The structure is situated under thick cultural deposits and can be seen in the profile of the cut [202]. The structure is not fully exposed.

### Midden – Area B

Coring was carried out at the farmstead's midden, located a few meters west of the farmhouse. The midden is approximately 17 m in diameter (from N-S) and 10 m (from E-W). From the 11 core samples taken, it appears that the midden is approximately 170 cm at its thickest point. The deposits in the midden consist mainly of peat-ash, ash, charcoal, animal bones and turf/peat. The core sampling also revealed that the midden lies on top of K-1500 and was probably in use right after the year 1500 AD and up until the 20<sup>th</sup> century when the farm was abandoned. The midden will be further excavated in the summer of 2018.

### Artefacts 2017

A total of 122 finds were recovered in the 2017 excavation, which have been registered into *Sarpur*<sup>14</sup>. The largest material group is metal (38%), whereas iron artifacts are highest in number, a total of 60 out of 67. The remaining seven metal artefacts are of a copper-alloy mixture. Other materials recovered were animal bones and white-ware and red-ware ceramics (tripod pot), glass, stone, slag and wood. In the section *Gripir* in this report there are a few photos on selected artifacts, e.g. iron key & knife, buttons, metal pin & hinge. Analysis on both animal bones and artifacts will be carried out later in the final report.



**Mynd 17. Skipting efnisflokka.** The chart shows the division of materials retrieved in the 2017 excavation. The animal bone assemblage consists of 53 fragments which are divided to 9 find numbers in the registry.

<sup>14</sup> sarpur.is

### Phasing & Discussion

None of the four structures identified in 2016 & 2017 can be seen on the 1916 Túnakort (map of the home field). Structure 1 represents the latest building phase, built somewhat after 1500 AD. Structure 2 is clearly older than structure 1, possibly built between 1226 and 1500. Structure 3 is built right after the volcanic eruption in 1500 AD. Only a small part of structure 4 has been revealed but from tephra analysis by Magnús Á. Sigurgeirsson<sup>15</sup> in the 2016 excavation it seems that the structure was built before the volcanic eruption in 1226 AD. The fifth possible structure, which was seen in the profile of test trench 2 in 2016 was made of turf and contained the Settlement tephra.

Archaeological research in Árbær clearly shows evidence of human activity before 1226 AD and a possible structure that might date back to the 10<sup>th</sup> century AD.

---

<sup>15</sup> See Appendix V in Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísu Guðmundsdóttir 2017.



Mynd 18. Uppgriftarsvæðið þegar það var opnað og hreinsað (efri mynd) og við lok uppgriftar sumarið 2017 (neðri mynd). *The site in 2017 at the start of excavation (upper) & at the end of excavation (lower).*

## Heimildir

Íslenzkt fornbréfasafn V. *Diplomatarium Islandicum*. 1899-1902. Fimmta bindi 1330-1476. Kaupmannahöfn og Reykjavík. Hið íslenska bókmentafélag. Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá.

Magnús Á. Sigurgeirsson. 2016. *Fornleifarannsókn í Árbæ í Reykjavík sumarið 2016. Gjóskulagarannsókn. Greinagerð 01/2016*. Birtist í Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísu Guðmundsdóttir. 2017. *Fornar rætur Árbæjar 2016. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla. Skýrsla nr. 179. Viðauki V*. Borgarsögusafn Reykjavíkur: Reykjavík.

Skjalaskrár Þjóðskjalasafns Íslands (skjalaskrar.skjalasafn.is). Árbær 1916.

Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísu Guðmundsdóttir. 2017. *Fornar rætur Árbæjar 2016. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla. Skýrsla nr. 179*. Borgarsögusafn Reykjavíkur: Reykjavík.

Þjóðminjasafn Íslands. *Leiðbeiningar Þjóðminjasafns Íslands um umhirðu forngripa og frágang sýna*. Júní 2013. Sótt á vef þann 5. maí 2018: [http://www.thjodminjasafn.is/media/rannsoknir/Leidbeiningar-um-umhirdu-forngripa-og-fragang-syna\(1\).pdf](http://www.thjodminjasafn.is/media/rannsoknir/Leidbeiningar-um-umhirdu-forngripa-og-fragang-syna(1).pdf)

## Viðaukar Árbær 2017-17

### Viðauki I Fundaskrá Árbær 2017

---



**Fundanúmer 2017-17-1**

<b>Heiti</b>	Viður	<b>Lengd cm</b>	<b>Svæði</b>	A	<b>Lýsing</b>
<b>Efni</b>	Viður.	<b>Breidd cm</b>	<b>Fannst í jarðlagi</b>	3322	Fimm viðarbrot sem fundust í fyllingu í lagnaskurði [3322].
		<b>Brot</b>	<b>Vigt gr.</b>	299	
		<b>Fjöldi</b>		5	

**Fundanúmer 2017-17-2**

<b>Heiti</b>	Viður	<b>Lengd cm</b>	2,5	<b>Svæði</b>	A	<b>Lýsing</b>
<b>Efni</b>	Viður.	<b>Breidd cm</b>	2	<b>Fannst í jarðlagi</b>	3131	Lítið viðarbrot sem fannst í ruslalagi [3131].
		<b>Brot</b>	1	<b>Vigt gr.</b>	1 g	
		<b>Fjöldi</b>	1			

**Fundanúmer 2017-17-3**

<b>Heiti</b>	Koparhlutur,	<b>Lengd cm</b>	43	<b>Svæði</b>	A	<b>Lýsing</b>
<b>Efni</b>	Málmur - Koparblanda.	<b>Breidd cm</b>	18	<b>Fannst í jarðlagi</b>	2712	Kopar löm sem fannst í torfvegg [2712].
		<b>Brot</b>	1	<b>Vigt gr.</b>	63 g	
		<b>Fjöldi</b>	1			

**Fundanúmer 2017-17-4**

<b>Heiti</b>	Koparhlutur,	<b>Lengd cm</b>	15	<b>Svæði</b>	A	<b>Lýsing</b>
<b>Efni</b>	Málmur - Koparblanda.	<b>Breidd cm</b>	15	<b>Fannst í jarðlagi</b>	2177	Koparhnappur sem virðist vera með munstur/skraut sem fannst í yfirborðslagi [2177].
		<b>Brot</b>	1	<b>Vigt gr.</b>	1 g	
		<b>Fjöldi</b>	1			

**Fundanúmer 2017-17-5**

<b>Heiti</b>	Þynna,	<b>Lengd cm</b>	35	<b>Svæði</b>	A	<b>Lýsing</b>
